

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 16. júlí 2020  
UST202006-318/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Álafoss í Varmá - Álanesskógor**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Mosfellsbær, dagsett 29. júní 2020, um leyfi til framkvæmda til Álafoss.

Álafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 461/2013. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúruvættisins eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar-stjórnunaráætlun. Óheimilt er að spilla jarðmyndunum og gróðri innan náttúruvættisins. Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka þess, í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir lagfæringum á göngustíg og útvistarsvæði í Álanesskógi. Stefnt er að framkvæmdir fari fram júlí – ágúst 2020 og 2-3 starfsmenn komi að verkefninu. Ætlað er að breikka núverandi malarstíg stíg í 3 metra. Ásamt því er stefnt er að útbúa stíg í gegnum Álanesskóg, bæði væri um að ræða minni stíga sem slegnir væru með slátturorfi sem og stíga 0,7 m á breidd þar sem trjákurl væri notað. Útbúið yrði áningasvæði inni í skóginum þar sem bekkir og borð væru sem og dvalarsvæði við núverandi malarstíg sem væri hellulagt. Með framkvæmd er stefnt að auka aðgengi að skóginum.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á gróðurfar til lengri tíma litid. Álanesskógor er einn elsti skógor Mosfellsbæjar og mun hann skaðast við þessa framkvæmd. Gestir svæðisins yrðu fyrir tölverðum truflun á framkvæmdartíma. Umhverfisstofnun telur að 3 metra breiður stígur sé óþarfí á svo litlu svæði þar sem öll notkun rafknúna ökutækja er bönnuð ásamt lausaganga hunda.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun synjar Mosfellsbæ um leyfi fyrir breikkun malarstígs í 3 metra en heimilar að malarstígar verði breikkaður í 1,5 metra. Skv. friðlýstingaskilmálum er óheimilt að spilla gróðri innan náttúruvættisins og synjar því Umhverfisstofnun Mosfellsbæ að höggva tré innan friðlýsta svæðisins. Umhverfisstofnun veitir Mosfellsbæ að öðru leyti fyrir sitt leyfi fyrir

framkvæmdum innan Álafoss. sbr. lýsingu hér að ofan júlí - ágúst að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki bau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalyssingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Óheimilt er að gróðursetja og dreifa framandi plöntutegundum innan svæðisins.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Starfsmenn skulu vera í auðkennandi fatnaði.
- Upplýsingar um verkefnið skulu vera aðgengilegar gestum.
- Óheimilt er að fella tré, gæta skal að greinar séu ekki brotnar að óþörfu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Hafa skal samband við Umhverfisstofnun áður en framkvæmdir hefjast.**

Ákvörðunin er kæranleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Elín Björg Ragnarsdóttir  
sviðstjóri



René Biasone  
sérfræðingur